

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 172172. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
**haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 15. júní 2023 og hófst hann kl. 13:30.**

**Fundinn sátu:**

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Ragnar Már Ragnarsson.

**Fundargerð ritaði:** Karitas Hrafns Elvarsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

**1. Sandholt 18 - Umsókn um leyfi fyrir nýjum útgangi í suður úr stofu - 2306003**

Harpa Dröfn Aðalsteinsdóttir óskar eftir leyfi til þess að setja nýjan útgang í suður úr stofu á húsi sínu að Sandholti 18.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**2. Ennisbraut 21 - Umsókn um leyfi fyrir breytingum á bílskúr - 2306001**

Kolfinna Snæbjörg Haraldsdóttir sækir um leyfi fyrir breytingum á bílskúr sem stendur við hús hennar að Ennisbraut 21 vegna mikils leka. Fyrirhugað er að grafa frá öllum bílskúrnum og dreina, tjarga og einangra grunn. Þak verður hækkað að framan um 30 cm og pabbi settur á allt þakið ásamt því að bílskúrshurð verður endurnýjuð. Einnig er fyrirhugað að loka bili milli húss og bílskúrs sem er 1x3 m en bilið hefur áður verið lokað.

*Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en felur byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda og eiganda Ennisbrautar 23.*

*Frestað*

**3. Keflavíkurgata 10 - Umsókn um leyfi fyrir sólpalli og potti. - 2306002**

Stígur Reynisson óskar eftir leyfi fyrir sólpalli og potti við hús sitt að Keflavíkurgötu 10.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti. Snæfellsbær er eigandi af sambyggðri íbúð og verði framkvæmdir unnar í samráði við byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar.*

*Samþykkt*

**4. Umsókn um byggingarleyfi - 2306005**

Sigurður Ómar Scheving sækir um leyfi til að byggja steypa skjólveggi framan við, og austan við húsið að Túnbrekku 18

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið  
Samþykkt*

**5. Brautarholt 7\_Umsókn um leyfi fyrir 4 bílastæðum innan lóðar - 2304004**

Grenndarkynning vegna umsóknar eiganda Brautarholts 7 fyrir fjórum nýjum bílastæðum stóð yfir frá 12. maí - 9. júní 2023. Ein athugasemd barst á kynningartímanum.

*Umhverfis og skipulagsnefnd hafnar erindinu vegna framkominna athugasemda eftir grenndarkynningu en samþykkir tvö bílastæði framan við húsið og tvö stæði verði áfram á núverandi innkeyrslu. Útfærsla verði í samræði við tæknideild.*

*Hafnað*

**6. Stöðuleyfi fyrir salernisgám - 2306004**

Snæfellsbær sækir um stöðuleyfi til 12 mánaða fyrir salernisgámi sem staðsettur verður á Arnarstapa.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**7. Klettsbúð 9 - Kynning á byggingaráformum vegna fyrirhugaðrar stækkunarhótelsins - 2305041**

Eigendur hótelsins mæta á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og kynna byggingaráform.

*Pálmar Harðarsson og Pétur Bolli frá Þingvangi komu á fundinn og kynntu áætlanir fyrirtækisins um fyrirhugaða stækkun á hótelinu. Umhverfis og skipulagsnefnd þakkar Pétri og Pálmari fyrir kynninguna og samþykkir að hafin verði vinna í deiliskipulagsvinnu og það skuli unnið í nánu samráði við tæknideild Snæfellsbæjar.*

*Kynnt*

**8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015**

*Hótel Langaholt/stækkun lóðar - Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.**